

ERINDISBRÉF

Samstarfshópur framkvæmdastjóra hjúkrunar og lækninga vegna lyflækningasviðs

Í yfirlýsingu heilbrigðisráðherra og forstjóra LSH frá 12. september 2013 um aðgerðir til að bæta stöðu lyflækningasviðs LSH kom fram að:

Stuðningur við störf lækna verði aukinn verulega með því að nýta betur krafta og hæfni hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða, klínískra lyfjafræðinga, ritara sérgreina og eftir föngum annarra starfsstétta.

- *Samstarfshópur með fulltrúum ofangreindra stétta verður settur á fót undir forystu framkvæmdastjóra hjúkrunar og lækninga. Hópurinn skilar forstjóra og framkvæmdastjórn LSH tillögum fyrir lok nóvember 2013*

Hópurinn vinni að tillögum um endurskoðaða verkaskiptingu og samstarf heilbrigðisstarfsmanna með öryggi sjúklinga að leiðarljósi.

Tillögurnar

- Miði að því að nýta sem best þekkingu og færni allra starfsmanna þegar kemur að verka-skiptingu og samvinnu.
- Miði að því að þeir heilbrigðisstarfsmenn, sem sinni sjúklingum, búi yfir nauðsynlegri þekkingu og færni og hafi svigrúm til að sinna þeim verkefnum sem þeim eru falin.
- Feli í sér aukna áherslu á teymisvinnu.
- Byggist á gagnreyndri þekkingu.

Hópurinn skoði jafnframt, hvort möguleikar séu á að nýta tækninýjungar til að einfalda verkferla.

Samstarfshópurinn leiti tillagna frá öðrum fagstéttum, sem ekki eiga fulltrúa í hópnum.

Samstarfshópurinn skipa:

Bylgja Kærnested, deildarstjóri hjartadeildar, formaður
Elísabet Lilja Haraldsdóttir, ritari sérgreina
Eygló Ingadóttir, hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af hjúkrunarráði
Ingibjörg Gunnþórsdóttir, klínískur lyfjafræðingur
Lísbet Grímsdóttir lífeindafræðingur
Marnhild Hilma Kambsenni, sjúkraliði á krabbameinslækningadeild
Rafn Benediktsson, yfirlæknir innkirtla- og efnaskiptasjúkdómalækninga
Þorbjörg Árnadóttir, félagsráðgjafi á útskriftarteymi
Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir, læknir, tilnefnd af læknaráði

Margrét Guðjónsdóttir verkefnastjóri starfar með hópnum.

Hópurinn skili af sér tillögum til forstjóra og framkvæmdastjórnar fyrir 30. nóvember 2013.

Landspítala, 19. september 2013,